

S A M Þ Y K K T

um sorplosun á Sauðárkróki.

1. gr.

Sauðárkrókskaupstaður sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupstaðarins. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar kaupstaðarins.

2. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv. innan kaupstaðarins skal sett í sérstaka poka, sem bæjarfélagið afhendir.

Pokunum skal komið fyrir í sérstakri grind, sem komið skal fyrir í sérsmiðuðum skáp. Grindinni skal komið svo fyrir að sorppokinn hangi 2—5 cm yfir skápbotni. Lok skal vera yfir grindinni.

Húseigendur skulu bera allan kostnað af pokagrindunum og sorpskápum og sjá um að auðvelt sé að komast að þeim. Fyllsta hreinlætis skal gætt í umhverfi sorppoka.

Sorphreinsun skal framkvæma vikulega og eigi sjaldnar en 40 sinnum á ári. Fjöldi sorpgrinda skal miðaður við, að pokarnir yfirfyllist ekki milli tveggja tæminga.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili ásamt aukaskápum eftir því sem nauðsyn er. Hugsanleg vafatriði varðandi fjölda skápa (sorp-poka) úrskurðar heilbrigðisnefnd.

Við stórhátíðir eða ef útlit er fyrir stöðvun á sorphreinsun af einhverjum ástæðum geta húseigendur fengið aukapoka í sorpgrindur eftir þörfum, afhenta þar sem bæjarstjórn ákveður með auglýsingu.

3. gr.

Sorphreinsun fer fram á virkum dögum, þó ekki eftir kl. 23. Í sorppoka má setja venjulegt sorp frá heimilum, þó ekki meira en 25 kg í hvern poka. Ekki má setja glóð eða heita ösku í sorppoka.

Blautt sorp, glerbrot, oddhvassa hluti eða beitta, má aðeins setja inn í plast eða pappír í pokanum. Pokana má ekki offylla, svo að ekki sé hægt að loka þeim eða hafa lok yfir sorpgrindinni. Sorpið má heldur ekki hanga yfir pokaröndina eða vera dreift umhverfis sorppokana.

Mold, mól, grjót og svipað efni má ekki láta í pokana, en skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar. Þangað er bannað að flytja pappír, plast eða eyðanlegt sorp. Bannað er að aðgreina og flytja burt úrgang frá slíku svæði. Bílhræ og brotajárn skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

Bannað er að urða oliuleyfar eða önnur efni, sem mengað geta jarðveg í bæjarlandinu og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í sjóinn.

Skal þeim brennt eða eytt á annan hátt eftir því sem kostur er á, og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar og starfsmanna kaupstaðarins.

4. gr.

Fyrirferðarmiklum en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnureksturs koma á sorphreinsunarbíla, þegar hreinsun fer fram eða í sorphaugsstað skv. nánari fyrirmælum bæjarstjórnar.

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð eyddra sorppoka vegna viðkomandi fasteignar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um tjald- og hjólhýsasvæði.

1. gr.

Leyfisveiting.

1. Þeir, sem ætla að opna tjald- og hjólhýsasvæði fyrir ferðafólk og taka gjald fyrir, skulu leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði því eigi komið við, þá skal leita leyfis Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
2. Áður en heilbrigðisnefnd samþykkir leyfisveitinguna, ber henni að leita umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Náttúruverndarnefnd, slökkviliði, vegayfirvöldum og bygginganefnd. Sama gildir og um samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
3. Í umsókn um tjaldsvæðisleyfi skal gerð grein fyrir staðarvali, stærð svæðis og aðstöðu til vatnsöflunar og hreinlætisaðstöðu. Uppdráttur fylgi umsókn.
4. Í leyfi fyrir opnum eða stækkun tjaldsvæða, skal tekið fram hámarksfjöldi leigðra tjalda og hjólhýsa.
5. Heilbrigðisnefnd skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti ríkisins um veitt leyfi fyrir tjaldsvæðum, og tilgreini hvenær þau verði opin.

2. gr.

Staðsetning tjaldsvæða.

1. Ekki má leyfa tjaldsvæði þar, sem búast má við ónæði frá nálægri umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi, ekki heldur þar sem hætta er á ónæði frá tjaldsvæðinu. Enn fremur skal forðast þá staði, þar sem hætta er á óþægindum vegna óþrifa, ólyktar, sóts, ryks og þess háttar.
2. Tjaldsvæðinu skal valinn staður, þar sem skjól er og gróður það sterkur að hann þoli álagið. Einnig skal afrennsli nægilega tryggt.